

Í hópastarfi þann 4. febrúar vorum við að vinna með sköpunargleði og bjuggum við í Lundahóp til sögu sem við sömdum í sameiningu.

Sagan um dýrin

Einu sinni var hundur, kisa og hestur í sveit. Allt í einu kom ljón sem ætlaði að ráðast á dýrin. Ljónið var með rauð augu. Svo kom úlfur og ætlaði að borða öll dýrin. En bóndinn bjargaði dýrunum með því að setja þau inn í fjós. Fílinn sem kom frá Ástralíu þar sem hann á heima, steig á úlfinn og úlfurinn hljóp í sjóinn. Bóndinn ýtti ljóninu í sjóinn. Ljónið og úlfurinn drukknuðu í sjónum og dóu. Svo kom blettatígur, en nashyrningurinn stangaði hann upp í tré og hann meiddi sig í maganum. Hundurinn, kisan og hesturinn fóru svo út að borða og nashyrningurinn með þeim.

Höfundar: Helgi Sigurjón, Fanney Klara, Lára, Timon Oliver, Hafdís Sunna og Jökulrós Freyja